

Nd.

132. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 75, 28. nóv. 1919, um skipun barnakennara og laun þeirra.

Frá meiri hluta fjárveitinganefndar.

1. gr.

Síðasta málsgr. 12. gr. laga nr. 75, 28. nóv. 1919, orðist svo:

Launaviðbætur eftir þjónustualdri greiðast af sömu aðiljum og launin og í sömu hlutföllum.

2. gr.

13. gr. sömu laga orðist svo:

Auk framantaldra launa njóta kennarar þeir, er laun taka eftir lögum þessum, dýrtíðaruppbótar eftir sömu reglum og embættismenn, og greiðist hún af sömu aðiljum og launin og í sömu hlutföllum. Hlunnindi þau, er ræðir um í 11. gr. 2. málsg., koma ekki til greina í þessu sambandi.

3. gr.

Skólanefndum og fræðslunefndum er heimilt að segja upp með 6 mánaða fyrirvara þeim kennurum, sem þær telja eigi nauðsyn á til þess að halda uppi lögskipaðri fræðslu.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. maí 1924.

Greinargerð.

Meiri hluti fjárveitinganefndar ber frv. þetta fram til þess að gera tilraun til að ljetta af ríkissjóði nokkrum hluta barnafræðslunnar. Virðist það brýn nauðsyn, þar sem ríkissjóður hefir á síðustu árum tekið á sig svo miklar byrðar, að erfiitt er undir að rísa.

Einn nefndarmanna (P. Ottesen) hefir ekki getað felt sig við þessa leið, heldur viljað ganga lengra og fresta alveg framkvæmd fræðslulaganna.

Nánari skýringar verða gefnar í framsögu.